


GÖNGUSTAFIR

Göngustafurinn er ekki bara áhald til að styðja sig við heldur er hann líka til margra hluta nyttsamlegur. Það má nota hann sem mælistiku, stökkstöng, í sjúkrabörur ef svo ber við og margt annað.

Göngustafurinn þarf að vera gildur og traustur og vera svipaður á hæð og eigandinn. Í hann þarf að velja sterkan, en léttan við t.d. ameríkska furu (oregon pine) eða eitthvað álíka. Notast má við kústskoft, en þau eru kannski helst til gjörn á að brotna.

Þegar búið er að velja efnið þarf að verja það fúa með því að bera á það enhverja viðarvörn eða mála það. Síðan verður á einhvern hátt að verja neðri endann á stafnum gegn sliti. Til dæmis má nota gosflóskutappa og er þá nagli rekinn gegnum miðju tappans og síðan upp í endann á stafnum. Einnig má setja gúmmítappa upp á endann eða nota eitthvert annað ráð sem ykkur dettur í hug.


Það er góður siður að merkja lengdarmál á stafinn því að það kemur oft í góðar þarfir. Setja má á stafinn merki með 10 eða 25 cm. millibili.



Sjálfsagt er að skreyta stafinn eitthvað, en gæta verður þess að skreytingin þoli vatn og vinda hún má ekki rýra nota gildi stafsins, hann verður að vera nothaefur við allar aðstæður. Skreytingin getur verið margs konar. Sem dæmi má nefna að ef flokkurinn starf-ará saman að því að gera stafina má setja á þá merki eða einkenni flokksins.

Hver félagi getur síðan skreytt sinn staf að vild. Setja má eitthvað mjúkt undir höndina t.d. leður, brenna eitthvað í hann með lóðbolta eða skera út t.d. skátliljuna eða smárað o.s.frv.

Margir hafa fyrir vana að rista í stafinn tákni eftir hvert skipti sem stafurinn hefur verið með í ferð. Á þennan hátt fær stafurinn sterkt persónulegt útlit, jafnframt því að hafa sameiningargildi fyrir flokkinn.



EINFALT LETUR TÍL AÐ SKERA Í STAFI MED VASAHNIÐ EÐA ÚTSKURDATÆKJUM.

Göngustafurinn hefur því miður gleymst hjá mörgum, þó hann sé bæði gagnlegur og skemmtileg eign. Það er því verðugt verkefni fyrir flokkinn þinn að gera göngustafi, þ.e.a.s. ef hann á ekki stafi nú þegar. En það er ekki nóg að búa til göngustafi heldur verður að nota þá líka og þeir sem það gera munu brátt komast að raun um að göngustafurinn er góður ferðafélagi.